

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Marie-Léonie Mortamet
Anna von Heynitz
Rós Pétursdóttir
Inger Helga Valdemarsdóttir
Edda Hreinsdóttir
Jóhannes Vollertsen

2. fiðla

Páll E. Ingvarsson
Jónína Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Jóhanna Cortes Andrésdóttir
Arianne Gaehwiller
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víola

Helga Sigurjónsdóttir
Sólvi Karlsson
Halldóra Æsa Aradóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Brynja Cortes Andrésdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Kristín Thoroddsen

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Jón Guðmundsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Rebekka Bryndís Björnsdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Berggrún Snæbjörnsdóttir
Brynjar Björnsson

Trompet

Baldvin Oddsson
Snorri Valsson

Básúnur

Harpa Jóhannsdóttir
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir
Björn R. Einarsson

Pákur

Frank Aarnink

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna



í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 29. mars 2009
kl. 17:00

Einleikari: **Richard Simm**
Stjórnandi: **Oliver Kentish**

Aðgangseyrir er kr. 1500, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara.

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða haldnir í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 24. maí klukkan 17. Þá verða flutt Hljómsveitarsvíta nr. 3 eftir Bach, Hornkonsert nr. 3 eftir Mozart og Sinfónía nr. 6 (Celestial Gate) eftir Alan Hovhaness. Einleikari á horn er Sturlaugur Björnsson og stjórnandi Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.



Efnisskrá:

Arvo Pärt: „Fratres“ fyrir strengi og slagverk

F. Schubert: Sinfónía nr. 8 í h-moll, „Ófullgerða“
Allegro moderato
Andante con moto

- HLÉ -

F. Chopin: Píanókoncert nr. 2 í f-moll, ópus 21
Maestoso
Larghetto
Allegro vivace



aðstoðarskólastjóri. Á Fljótsdalshéraði tók hann þátt í mjög öflugu tónlistarlífi af ýmsum toga. Söng í kirkjukór Vallamanna og Skriðdælinga, var meðlimur í jazz-hljómsveit Árna Ísleifssonar, lék í hljómsveit Óperustúdíós Austurlands og var einn af stofnendum kammerhópsins Stelks sem t.d. hefur komið fram á myrkum músíkdögum og flutt eingöngu nútímatónlist. Til marks um kraftinn í austfirsku tónlistarlífi voru á árunum 1997-2003 settar upp fimm óperur á hinu mikla menningarsetri á Eiðum, flutt óratorían Elía, Jólaóratorían, Messías, Jóhannespassían, Requiem eftir Mozart, Petit messe solinelle eftir Rossini, Magnificat eftir Bach og nokkrar kantötur þess mikla meistara. Að öllu þessu stóð öflugur hópur tónlistarfólks undir forystu Keith Reeds. Jón flutti til Reykjavíkur haustið 2004 og hefur síðan kennt við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi, Listaskóla Mosfellsbæjar og Skólalúðrasveit Mosfellsbæjar. Jón gekk til liðs við Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á vormánuðum 2005.



Hólmfríður Þorvaldsdóttir hóf sitt tónlistarnám í Barnamúsíkskólanum 7 ára gömul. Fyrstu 2 árin lærði hún á blokkflautu en fór síðan að læra á fiðlu. Leið hennar lá síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík þegar hún var 13 ára gömul, þar sem hún stundaði fiðlunám hjá Rut Ingólfssdóttur til 16 ára aldurs. Þá tók hún sér hlé frá fiðlunámi og dansinn tók allan hennar tíma. En 24 ára tók Hólmfríður til við fiðluna á ný og þá í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, fyrst hjá Katrínu Árnadóttur, sem kenndi henni líka fyrstu árin í Barnamúsíkskólanum og síðan Grétu Guðnadóttur. Hólmfríður spilaði með Sinfóníuhljómsveit æskunnar þrisvar sinnum árin 1985-1987 og síðan nokkrum árum síðar einnig með Kammersveit Hafnarfjarðar. Hólmfríður er grunnskólakennari og danskennari og kennir nú við Breiðagerðisskóla, stærðfræði, náttúrufræði og dans. Hólmfríður hefur spilað með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna óslitið frá árinu 1994.

Frekari upplýsingar um starf hljómsveitarinnar má finna á vefsíðu hennar:
www.ahugasinfonia.is

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG:



Helga Ragnheiður Óskarsdóttir hóf fiðlunám 8 ára í Barnamúsíkskólanum hjá Ruth Hermanns. Síðan tók við nám hjá Birni Ólafssyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þar tók hún lokapróf og kennarapróf. Helga hefur sótt námskeið víða um heim, meðal annars einn vetur hjá Paul Zukovsky í New York. Á tímabilinu 1970-

1980 lék Helga með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún kenndi í Tónmenntaskólanum í 12 ár, lærði Suzuki-kennsluaðferðina og hefur kennt við Allegro Suzukiskólann frá árinu 2000, einnig í Suzukideild Tónlistarskóla Kópavogs. Inn á milli tók hún sér hlé til að koma upp 5 börnum. Helga er einn af stofnfélögum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og hefur oftast en nokkur annar verið konsertmeistari sveitarinnar. Á ferðum sínum á Haiti spilar hún stundum með Orchestre Philharmonic Ste. Trinité í Port au Prince, en þangað á hún stundum erindi sem sjálfbóðaliði í þróunarverkefni. Heldur þá stundum líka fiðlunámskeið í Tónlistarskóla St.Trinité. Helga er húmanisti og virkur friðarsinni af lífi og sál. Hún sér fyrir sér heim og þjóðfélag þar sem ríkir friður og ekki er litið á ofbeldi sem valkost.



Kristín Thoroddsen byrjaði sellónám í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar 8 ára gömul hjá Páli Gröndal og lauk þar 4. stigs námi. Þegar hún var þrettán ára hóf hún píanónám í sama skóla og stundaði það í fjögur ár. Árið 1998 tók hún aftur til við sellónámið og þá hjá Lovísu Fjeldsted. Kristín hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit

áhugamanna í fimm ár og er félagi í skemmtihljómsveitinni „Blúndur og bogar“. Hún starfaði um skeið sem tækniteiknari og undanfarin ár hjá Icelandair sem flugfreyja en stundar nú nám í ferðamálafræði.

Jón Guðmundsson er grunnskólakennari að mennt en stundaði jafnframt flautunám hjá Jóni Heimi Sigurbjörnssyni, Bernharði Wilkinson og Hallfríði Ólafsdóttur. Jón bjó vel á annan áratug á Hallormsstað, kenndi við grunnskólann á staðnum og Tónlistarskólann á Egilsstöðum þar sem hann var kennari og síðar

UM EFNISKRÁNA



Arvo Pärt (f. 1935) frá Eistlandi er meðal best þekktu núlifandi tónskálda. Hann er stundum kenndur við mínímalisma og oft nefndur í sömu andrá og Gorecki og John Tavener sem einn helsti upphafsmaður þeirrar tónlistarstefnu. Tónlistin er hrein og bein, einfaldar laglínur eru notaðar, oft með skírskotun til gamallar tónlistar, og hraðabreytingar eru litlar. Pärt hefur notið fádæma vinsælda, til dæmis hefur tónlist hans verið notuð í meira en 50 kvikmyndum, sumum vel

þekktum. „Fratres“ er meðal best þekktu verka hans og ber mjög glögg einkenni mínímalismans. Fratres er latína og þýðir bræður, líklega með tilvísun í fornan munkasöng. Verkið var samið 1977 í þeirri útgáfu sem hér heyrir. En vinsældir þess urðu fljótt til þess að það var útsett og endursamið í mörgum mismunandi útgáfum, til dæmis fyrir strengjakvartett, fiðlu og píanó, selló og píanó, 8 selló, blásaraoktett og slagverk. Fratres er samsett úr 9 tilbrigðum um einfalt stef sem er hliðrað, snúið og vent á ýmsa vegu. Jafnvel gamli Jóhann Sebastian hefði orðið hissa á hugmyndaauðginni hér. Undir drynur liggjandi fimmund í bassahljóðferum sem í upphafi gefur þá tilfinningu að verkið sé í ákveðinni tóntegund. Þegar líður á verkið verða þó málin blandin mjög og á tímabili virðist það vera í tveimur, jafnvel þremur tóntegundum samtímis. Milli tilbrigðanna gefur slagverkið taktinn.

Nánari innsýn í líf og skoðanir Arvo Pärts má fá í viðtali Bjarkar Guðmundsdóttur við hann á YouTube: www.youtube.com/watch?v=2pDjT1UNT3s



Franz Schubert (1797-1828) var ótrúlega afkastamikill tónskáld og lét eftir sig mikinn fjölda verka þrátt fyrir stutta ævi. Meðal verka hans eru nokkrar óperur og söngleikir, leikhústónlist, sjö messur, níu sinfóníur, strengjakvartettar og fleiri kammerverk, 20 píanósónötur, sönötur fyrir ýmis önnur hljóðfæri og margt fleira. Þekktastur varð hann þó ef til vill fyrir

Ljóðin. Hann samdi meira en 600 lög við ljóð ýmissa skálda. Hann hafði gjarnan mörg járn í eldinum og þegar hann lést var allmörgum verkum ólokið, þar á meðal nokkrum sönötum og sífóníum á ýmsum stigum sköpunar. Langfrægust þeirra er Ófullgerða sífónían í h-moll. Þættirnir tveir, sem varðveittir eru, voru samdir 6 árum fyrir andlát Schuberts. Hann sendi handritið ári seinna til vinar síns sem virðist hafa sett það niður í skúffu þar sem það lá í 40 ár. Til eru drög að þriðja kafla sífóníunnar en lengra komst tónskáldið ekki. Verkið var að lokum dregið fram í dagsljósið og frumflutt í Vínborg 1865, 43 árum eftir að það var samið. Margar kenningar hafa verið settar fram um ástæður þess að Schubert lauk ekki verkinu. Líklegust þykir sú að hann greindist með sýfilis um þessar mundir, sem á þessum tíma var ólækandi. Ekki er ólíklegt að þetta hafi slegið hann út af laginu við tónsmíðarnar. Aðrir benda á að hugsanlega hafi Schubert skrifað fleiri kafla en notað þá í annað. Til dæmis er bent á að millikafla úr Rósamundu, sem skrifaður var um svipað leyti, er í sömu tóntegund og hefur sömu hljóðfæraskipan og sífónían Ófullgerða, m.a. þrjár básúnur sem var fremur óvenjulegt á þessum tíma. Enn má geta sér þess til að höfundinum hafi einfaldlega þótt nóg að gert. Svo mikið er víst að þessir tveir kaflar mynda sérkennilega góða heild, nánast eins og öllum viðbótum væri ofaukið.



Frédéric Chopin (1810-1849) fæddist í Póllandi en flutti til Parísar árið 1830 að loknu námi og starfaði þar upp frá því. Upphaflega hét hann Fryderyk Franciszek Chopin en hann breytti nafninu til að gera það aðgengilegra fyrir Parísarbúa. Hann var undrabarn, kenndi í fyrstu sjálfum sér að spila á píanó og lék eigin tónlist af fingrum fram þegar í æsku. Hann fékk síðan kennslu og tilsögn í að skrifa niður tónsmíðar sínar. Þegar hann hélt fyrstu opinberu tónleikana í Varsjá 17. mars 1830 varð hann þegar í stað þjóðþekktur í Póllandi, nánast þjóðhetja. Þar lék hann píanókonsertinn nr. 2 sem hér er fluttur. Á fyrstu tónleikum sínum í París 1832 lék hann einnig þennan konsert. Þá voru í tónleikasalnum bæði Liszt og Mendelssohn og lofuðu þeir mjög þennan upprennandi tónsnilling. Vegur hans óx hratt í París þrátt fyrir að hann héldi sjaldan meira en tvenna tónleika á ári. Talið er að hann hafi einungis haldið þrjá eða fjóra tugi tónleika á ferli sínum. Leikstíll hans þótti einstakur. Hann lék að mikilli innlifun og með miklum styrkleika-

hraðabreytingum. Chopin var tónskáld píanósins fyrst og fremst. Píanó gegnir meginhlutverki í öllum verkum hans. Einu tónverkin, þar sem hljómsveit kemur við sögu, eru píanókonsertarnir tveir, nr. 1 og 2, sem raunar voru samdir í öfugri röð og snemma á ferli hans. Í báðum konsertunum er hlutverk hljómsveitarinnar fyrst og fremst hógvær undirleikur undir flugeldasýningu einleikarans.

EINLEIKARINN



Richard Simm fæddist á Englandi og vakti athygli sextán ára gamall með leik sínum á píanókonsert nr. 1 eftir Liszt. Hann nam við Royal College of Music í London hjá Bernard Roberts og við Staatliche Hochschule für Musik í München hjá Erik Then-Bergh. Hann vann til margra verðlauna á námsárum sínum, fékk þ.á.m. tvenn verðlaun fyrir

túlkun sína á verkum Chopin. Árið 1969 tók hann þátt í þekktu alþjóðlegri píanókeppni í Leeds og var eini breski keppandinn er vann til verðlauna. Richard hefur haldið tónleika í Wigmore Hall og Purcell Room í London, auk þess að hafa komið fram á fjölda tónleika í Þýskalandi, í Bandaríkjunum og á Íslandi. Hann var fastráðinn í níu ár sem píanóleikari og kennari við Háskólann í Wales og gestaprófessor við Illinoisháskóla í þrjú ár. Hann hefur unnið til ýmissa verðlauna fyrir útsetningar sínar á verkum fyrir tvö píanó, þ.á.m. átta sinnum verðlaun American Society of Composers, Authors and Publishers. Þessi verk voru gefin út af Warner Bros. Frá því að hann settist að á Íslandi árið 1989 hefur Richard komið fram með mörgum helstu tónlistarmönnum landsins og einnig leikið Rachmaninoff píanókonsert með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á Listahátíð í Reykjavík 2006 lék hann Fantasiestücke eftir Schumann. Hann hefur unnið með Rut Ingólfssdóttur síðan 2001 og hafa þau kynnt íslensk verk fyrir fiðlu og píanó í Tokýó, París, Brussel, Beijing, Lanzhou og Róm. Richard Simm starfar nú sem píanóleikari við Listaháskóla Íslands, býr í Reykjavík og er kvæntur íslenskri konu sem einnig starfar við tónlist.